

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2008/EES/21/01</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5108 – Sofinco/Agos) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	<b>1</b>
<b>2008/EES/21/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5131 – Rewe/Fegro-Selgros) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>2</b>
<b>2008/EES/21/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5142 – Bosch/Mahle/JV) . . . . .	<b>3</b>
<b>2008/EES/21/04</b>		Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.4874 – Itema/Barco Vision) . . . . .	<b>4</b>
<b>2008/EES/21/05</b>		Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.4980 – ABF/GBI Business)Vision). . . . .	<b>4</b>
<b>2008/EES/21/06</b>		Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5004 – GALP Energia España/Agip España) . . . . .	<b>5</b>
<b>2008/EES/21/07</b>		Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 — Byggðakort vegna ríkisaðstoðar: Ítalía — N 324/07 – ÍTALÍA – Byggðakort vegna ríkisaðstoðar 1.1.2007–31.12.2013. . . . .	<b>5</b>

<b>2008/EES/21/08</b>	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um afnám almannaþjónustukvaða sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Albenga og Rómar . . . . .	5
<b>2008/EES/21/09</b>	Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum . . . . .	6
<b>2008/EES/21/10</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um túlkun ýmissa atriða sem varða beitingu EB-löggjafar á sviði opinberra innkaupa og sérleyfissamninga gagnvart samstarfsstofnunum hins opinbera og einkafyrirtækja . . . . .	8

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2008/EES/21/01**

**(Mál COMP/M.5108 – Sofinco/Agos)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Sofinco SA, dótturfyrirtæki hins franska Crédit Agricole SA, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Agos SpA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sofinco SA: fyrirtæki með sérhæfingu á sviði neyslulána í Frakklandi og víðar um heim
  - Agos SpA: fyrirtæki með sérhæfingu á sviði neyslulána á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 19. apríl 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5108 – Sofinco/Agos, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2008/EES/21/02****(Mál COMP/M.5131 – Rewe/Fegro-Selgros)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Rewe Großflächengesellschaft mbH („Rewe“), sem tilheyrir Rewe Gruppe, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Fegro/Selgros Gesellschaft für Großhandel mbH & Co. („Fegro/Selgros“). Starfsemi Fegro/Selgros er sem stendur undir yfirráðum Rewe og Otto GmbH & Co KG í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rewe: smásölu- og heilidsöluverslun með dagvöru og ferðapjónusta, einkum í Þýskalandi
  - Fegro/Selgros: sjálfsafgreiðsluheildsala („cash & carry“), einkum í Þýskalandi, Póllandi og Rúmeníu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 97, 18. apríl 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5131 – Rewe/Fegro-Selgros, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5142 – Bosch/Mahle/JV)**

2008/EES/21/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Robert Bosch GmbH („Bosch“) og Mahle GmbH („Mahle“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu þýska Bosch Mahle Turbo Systems GmbH & Co. KG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bosch: starfsemi um allan heim á sviði ökutækjatekni, iðntækni, neysluvörutækni og byggingatekni
  - Mahle: starfsemi um allan heim á sviði þróunar, framleiðslu og sölu á ökutækjaíhlutum
  - Sameiginlega fyrirtækið: rannsóknir og þróunarstarf, framleiðsla og sala á útblástursforþjöppum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 102, 24. apríl 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5142 – Bosch/Mahle/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Upphaf málsmeðferðar****2008/EES/21/04****(Mál COMP/M.4874 – Itema/Barco Vision)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. apríl 2008 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 99, 19. apríl 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 eða (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.4874 – Itema/Barco Vision, á eftirfarandi pósthfang:

Commission of the European Communities  
Competition DG  
Merger Registry  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Brussel/Bruxelles

**Upphaf málsmeðferðar****2008/EES/21/05****(Mál COMP/M.4980 – ABF/GBI Business)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. apríl 2008 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 101, 23. apríl 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 eða (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.4980 – ABF/GBI Business, á eftirfarandi pósthfang:

Commission of the European Communities  
Competition DG  
Merger Registry  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Brussel/Bruxelles

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5004 – GALP Energia España/Agip España)**

2008/EES/21/06

Hinn 3. apríl 2008 barst framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna GALP Energia España og Agip España. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 11. apríl 2008.

**Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 <sup>(1)</sup>**

2008/EES/21/07

**Byggðakort vegna ríkisaðstoðar: Ítalía**

N 324/07 – ÍTALÍA – Byggðakort vegna ríkisaðstoðar 1.1.2007–31.12.2013

(Samþykkt í framkvæmdastjórninni hinn 28.11.2007)

Framkvæmdastjórnin hefur birt Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð árin 2007–2013 – Byggðakort vegna ríkisaðstoðar ÍTALÍA.

Leiðbeiningarnar birtust í heild í [Stjtið. ESB C, 90, 11.4.2008](#), bls. 4–15.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar  
ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Ákvörðun stjórnvalda á Ítalíu um afnám almannajón-  
ustukvaða sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Albenga og  
Rómar**

2008/EES/21/08

Stjórnvöld á Ítalíu hafa ákveðið, í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, að fella niður frá 29. febrúar 2008 að telja almannajónustukvaðir sem hvílt hafa á flugi milli Albenga og Rómar, sjá upplýsingar sem birtust í [Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 83, 6.4.2006](#).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.

**Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi, birtar í 2008/EES/21/09 samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup>**

**Veitt flugrekstrarleyfi**

*Flokkur A: Flugrekstrarleyfi án takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

**AUSTURRÍKI**

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Transped Aviation GmbH	Gewerbepark 1 A-6300 Wörgl	Farþegar, póstur, frakt	23.1.2008
Amerer Air GesmbH	Flughafenstr. 22 A-4063 Hörsching	Farþegar, póstur, frakt	15.1.2008
JetAlliance Flugbetriebs GmbH	Waldstraße 14 A-2522 Oberwaltersdorf	Farþegar, póstur, frakt	29.1.2008
Mjet GmbH	Tegetthoffstraße 7 A-1010 Wien	Farþegar, póstur, frakt	6.2.2008
DJT Aviation GmbH & Co. KG	Fyrtagweg 5 A-8043 Graz	Farþegar, póstur, frakt	27.2.2008

*Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

**ÞÝSKALAND**

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Usedomer Fluggesellschaft mbH	Am Flugplatz D-17449 Peenemünde	Farþegar, póstur, frakt	14.8.2007
AFIT GmbH Advanced Flight Instruction and Theory	Grosshesseloher Str. 5 D-82049 Pullach	Farþegar, póstur, frakt	23.2.2008

**AUSTURRÍKI**

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Pink Aviation Services Luftverkehrsunternehmen	Endersstraße 79/4 A-1238 Wien	Farþegar, póstur, frakt	17.1.2008

**SPÁNN**

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Orionair, S.L.	c/Encinas del Paular, 6 E-28224 Pozuelo de Alarcón	Farþegar, póstur, frakt	7.3.2008
Taxi Fly Group, S.A.	Avda. Diagonal, 468, 6o A E-08006 Barcelona	Farþegar, póstur, frakt	13.3.2008

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Samkvæmt tilkynningum sem bárust framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fyrir 31. ágúst 2005.



## GRIKKLAND

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Life Line Aviation Ltd	3, Doukissis Plakentias Str. GR-15234 Athens	Farþegar, póstur, frakt	25.1.2008

**Afturkölluð flugrekstrarleyfi**

*Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

## ÞÝSKALAND

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Excellent Air AG	Hüttruper Heide 71–81 D-48268 Greven	Farþegar, póstur, frakt	7.2.2008

## AUSTURRÍKI

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
DJT Aviation GmbH & Co. KG	Fyrtagweg 5 A-8043 Graz	Farþegar, póstur, frakt	27.2.2008

**Breytt heiti flugrekanda**

*Flokkur A: Flugrekstrarleyfi án takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

## AUSTURRÍKI

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
Amerer Air GesmbH	Flughafenstr. 22 (Flughafenstr. 1) A-4063 Hörsching	Farþegar, póstur, frakt	23.1.2008
Majestic Executive Aviation AG (Transped Aviation GmbH – Kat B)	Landstraßer Hauptstraße 140 A-1030 Wien	Farþegar, póstur, frakt	23.1.2008
Mjet GmbH (Mjet Aviation GmbH)	Tegetthoffstraße 7 A-1010 Wien	Farþegar, póstur, frakt	6.2.2008

*Flokkur B: Flugrekstrarleyfi með takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92*

## ÞÝSKALAND

Heiti flugrekanda	Póstfang flugrekanda	Heimill farmur	Upphaf gildistíma
ACH Hamburg Fluggesellschaft mbH & Co KG Stuttgart (ACH Hamburg Fluggesellschaft mbH & Co)	Bilser Str. 9 D-22297 Hamburg	Farþegar, póstur, frakt	20.2.2008
Heli Transair International GmbH (Heli Transair GmbH)	Flugplatz D-63329 Egelsbach	Farþegar, póstur, frakt	23.3.2008

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um túlkun ýmissa atriða sem varða 2008/EES/21/10  
beitingu EB-löggjafar á sviði opinberra innkaupa og sérleyfissamninga gagnvart  
samstarfsstofnunum hins opinbera og einkafyrirtækja**

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að hið opinbera efni til samstarfs við einkafyrirtækja um ýmis verkefni. Hér er um að ræða samstarf sem er venjulega til langs tíma og einkennist af því að einkafyrirtækið er í aðalhlutverki og hefur þá með höndum einstaka þætti verkefnisins (skipulagningu, framkvæmd og rekstur), tekur á sig áhættu sem venja hefur verið að sé á herðum hins opinbera og sinnir oft fjármögnun.

Samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins er stjórnvöldum heimilt að hafa með höndum eigin atvinnustarfsemi eða fela hana öðrum, til að mynda félögum sem eru í sameiginlegri eigu hins opinbera og einkafyrirtækja. Ef hið opinbera ákvæður að starfa með einkafyrirtækjum á grundvelli opinbers verkkaupasamnings eða sérleyfissamnings er hins vegar skylt að hlíta ákvæðum í löggjöf bandalagsins sem varða opinber innkaup og sérleyfissamninga. Þessi ákvæði hafa þann tilgang að opna öllum atvinnurekendum, sem áhuga hafa, dyrnar að markaði fyrir opinber innkaup og sérleyfissamninga með sanngjörnum og gagnsæjum skilyrðum í anda innra markaðar Evrópusambandsins, og gera framkvæmd slíkra verkefna þannig vandaðri og útgjöld við þau lægri í krafti aukinnar samkeppni.

Í tengslum við opinbera kynningu á grænbók um samstarf hins opinbera og einkaaðila og löggjöf Evrópubandalagsins um opinber innkaup og sérleyfissamninga kom í ljós að mikil þörf var á að skýra hvernig þessum reglum er beitt gagnvart svonefndum „samstarfsstofnunum“ hins opinbera og einkafyrirtækja.

Ef einhver óvissa ríkir um réttaröryggi í tengslum við aðild einkafyrirtækja að samstarfsstofnunum getur það grafið undan árangri af starfi þeirra. Áhættan, sem fylgir því að koma af stað starfsemi á grundvelli samninga sem síðar gætu reynst brjóta gegn EB-rétti, getur fælt stjórnvöld og einkafyrirtæki frá því að setja á fót samstarfsstofnanir.

Í ályktun Evrópuþingsins um samstarfsverkefni hins opinbera og einkafyrirtækja frá 26. október 2006 var viðurkennt að markaðsaðilum þyrfti að vera ljóst hvernig ákvæðum löggjafar um opinber innkaup væri beitt í tengslum við fyrirtæki sem stofnað væri til í samstarfi hins opinbera og einkaaðila í kjölfar samnings eða sérleyfis og því beint til framkvæmdastjórnarinnar að hún legði fram skýringar á þessu hið fyrsta.

Með orðsendingunni, sem hér birtist, er varpað ljósi á túlkun framkvæmdastjórnarinnar á því hvernig beita beri ákvæðum EB-löggjafar á sviði opinberra innkaupa og sérleyfissamninga í tengslum við stofnun og rekstur samstarfsstofnana hins opinbera og einkafyrirtækja. Orðsendingin hefur það markmið að auka réttaröryggi og þó einkum að svara ítrekuðum ábendingum um að áhrif EB-löggjafar á þátttöku einkafyrirtækja í samstarfsstofnunum gætu verið þau að gera samstarf af þessu tagi óálitlegt eða jafnvel ógerlegt. Þessi orðsending er þáttur í þeirri viðleitni framkvæmdastjórnarinnar að veita lögfræðilega leiðsögn um atriði sem varða þjónustu í almannapágu eins og skýrt er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um þjónustu í almannapágu, að meðtalinni félagsþjónustu í almannapágu, frá 20. nóvember 2007.

Engin ný reglugerðarákvæði bætast við með þessari orðsendingu. Hún endurspeglar túlkun framkvæmdastjórnarinnar á ákvæðum EB-sáttmálans, tilskipunum um opinber innkaup og viðeigandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Hafa ber í huga, hvað sem öðru líður, að endanleg bindandi túlkun á ákvæðum EB-löggjafar er í höndum Evrópudómstólsins.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 91, 12.4.2008](#), bls. 4.